

## Nd. 774. Frumvarp til laga

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

### I. KAFLI

#### Um fjárhagsráð og fjárfestingu.

##### 1. gr.

Af andvirði útflutnings hvers árs skal jafnan leggja 15% á sérstakan reikning erlendis, og skal verja því fé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

##### 2. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannaavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslensku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrirfram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstjórnin staðfestir.

Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.
4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafli leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.
6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.
7. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmasta hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
8. Að húsnæðisskortri og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

##### 3. gr.

Fjárhagsráð semur fyrirfram fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir. Fyrir yfirstandandi ár semur ráðið áætlun þessa svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem við verður komið.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafli og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.

Enn fremur semur fjárhagsráð fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það að hag-

nýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.

4. gr.

Fjárhagsráð leitar samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félag og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárbörf sína, lánsfjárbörf, gjaldeyrisþörf og vinnuafliþörf.

Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárbörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja.

5. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbýgginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs, og gildir þetta einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

Þó skal ákveðið í reglugerð, að tiltekna minni háttar framkvæmdir séu heimilár án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

6. gr.

Jafnhliða því sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.

7. gr.

Fjárhagsráð og þeir aðilar, er það felur umboð til þess, hafa með höndum framkvæmd áætlunarinnar, veiting fjárfestingarleyfa, innflutningsleyfa, gjaldeyrisleyfa og verðlagseftirlit, sbr. II. og III. kafla laga þessara.

8. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bættu aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafli og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

9. gr.

Ríkisstjórnin í heild hefur yfirstjórn fjárhagsráðs og tekur ákvarðanir um höfuðatriði og sker úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfssvið hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.

## II. KAFLI

### Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

#### 10. gr.

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit.

#### 11. gr.

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild er heimilt, ef nauðsyn krefur, að ákveða vöruskömmtnun, að fengnu samþykki fjárhagsráðs.

#### 12. gr.

Hlutverk innflutnings- og gjaldeyrisdeildar er að framkvæma í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það heildaráætlun þá, er gera ber samkvæmt 3. gr., þar í innifalið:

1. Að úthluta til innflytjenda innflutnings- og gjaldeyrisleyfum á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og selja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.  
Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu.
2. Að ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa erlendis fyrir þær vörur, sem eigi eru háðar innflutningsleyfi, svo og til annarra nauðsynja.
3. Að ráðstafa, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
4. Að fara með verðlagsáskvarðanir og verðlagseftirlit.
5. Að fara með vöruskömmtnun eftir því, sem ákveðið verður.

#### 13. gr.

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f og Búnaðarbanki Íslands hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Búnaðarbanka Íslands þannig, að Útvegsbankinn fær 28% og Búnaðarbankinn 16% gjaldeyris, ef þeir óska, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hver banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef allir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema þeir þrír bankar, sem nefndir eru hér að framan. Þó er pósthjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Ráðherra setur með reglugerð fyrir mæli til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyris, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

#### 14. gr.

Hver sá, sem innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði  $\frac{1}{2}\%$  af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert ein-

stakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd þessara laga. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

### III. KAFLI Um verðlag.

#### 15. gr.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild skal í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi og skal miða verðlagsákvæðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hefur deildin, bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi fjárhagsráðs eða ríkisstjórnar, vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur og innflutnings- og gjaldeyrisdeild ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verk-taka fyrir alls konar verk, svo sem pipu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild og ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fata-pressun og aðgöngumiðum að almennum skeimtum og öðru slíku. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

#### 16. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum fjárhagsráðs, verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til innflutnings- og gjaldeyrisdeildar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits. Hann hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Ef upp ris ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker innflutnings- og gjaldeyrisdeild úr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

#### 17. gr.

Í innflutnings- og gjaldeyrisdeild ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit einstakra verðlagsmála. Þó má taka mál til meðferðar af nýju, ef ástæður hafa breytt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

#### 18. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildar-álagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunargagnað af þeim síðar.

#### 19. gr.

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af innflutnings- og gjaldeyrisdeild, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

20. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti samkvæmt 15. gr., nema með leyfi innflutnings- og gjaldeyrisdeildar. Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Fjárhagsráðsmönnum, innflutnings- og gjaldeyrisdeildarmönnum, verðlagsstjóra og starfsmönnum þessara aðila er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

22. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, innflutnings- og gjaldeyrisdeild eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökuna atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

23. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

24. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

25. gr.

Með reglugerð setur ríkisstjórnin nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, lög nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 117 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, lög nr. 88 30. nóv. 1946, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lög nr. 2 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, svo og önnur lög, er kunna að koma í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, falla niður umboð nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs og starfsmanna þeirra, þó ekki fyrr en ríkisstjórnin hefur skipað svo fyrir.